

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsvík Perneyjarsundi



Reykjavík 2018

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 191



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi

Anna Lía Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Reykjavík 2018

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 191

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lísu Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsiðu: Samsett lofljósmynd með myndum frá 2005 og 2017 Loftljósmynd 2017 og 2005 úr grunni Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Kortagerð Anna Lísu Guðmundsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 191

Reykjavík 2018

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Formáli	2
1. Inngangur	3
2. Skráning menningarminja	4
2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja	4
2.2 Tilgangur og aðferðafræði fornleifaskráningar	6
2.3 Hættumat	7
3. Staðhættir og örnefni	7
4. Saga jarðanna	8
4.1 Sundakot 181188-272	8
4.2. Glóra 181189-274	10
5. Fornleifaskrá	13
5.1 Fornleifaskrá Álfsnes 125650, Glóru 181189 og Sundakots 181188 vegna mats á umhverfsiáhrifum og breitingu á aðal- og deiliskipulagi við Álfsnesvík	13
Glóra 1894-1 (274-16)	13
Glóra 1894-2 (274-21)	14
Glóra 1894-3 (274-22)	14
Glóra 1894-4 (274-23)	15
Glóra 1894-5 (274-25)	15
Glóra 1894-6 (274-12)	16
Glóra 1894-7 (274-24)	16
Sundkot 1894-8 (272-8)	17
Sundkot 1894-9 (272-11)	17
Glóra 1894-10 (274-27)	18
Glóra 1894-11 (274-28)	19
Glóra 1894-12 (274-26)	20
Glóra 1894-13 (274-15)	21
Glóra 1894-14 (274-19)	21
Álfsnes 1894-15 (273-20)	22
Niðurstöður	22
Heimildir	23
Viðauki	25

Formáli

Hér á eftir fer rannsókn og skrá yfir fornleifar og yngri minjar á svæði sem tilheyrir jörðunum Glóru, Sundakoti og Álfsnesi á Kjalarnesi. Horft er til þess að á svæðið verði framkvæmdarsvæði og aðkoma að því fyrir efnisvinnslu Björgunar ehf. Svæðið er við Þerneyjarsund sunnan við Álfsnesvík í dalverpi er nefnist Fornugrafir en þar lágu áður landamerki á milli þessara jarða. Fornleifaskráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur. Skráningin er gerð vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar auk breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.¹ Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.² Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...*húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.*“³

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar en fornleifaskráning er „forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifanna.“⁴ Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar auknar kröfur „um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdarsvæðum“.⁵

Maí 2018,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafn Reykjavíkur

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

² Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 1. kafli, 3. gr. og 7. kafli, 29. gr.

³ Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 7. kafli, 30. gr.


⁴ Skráning fornleifa. (e. d.).

⁵ *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.

1. Inngangur

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifaúttekt á hluta af jörðunum Glóru (Urðarkoti, Hjallneshjáleigu), Sundakoti (Niðurkoti) og Álfssnesi vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar auk breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags. Landsvæðið, úttektarsvæðið, sem hér er til umfjöllunar er áætlað að verði efnisvinnslusvæði fyrir Björgun ehf. en þar verður efni sem flutt er frá námum á hafsbotni landað, það unnið og selt.⁶

Á svæðinu eru áform um landfyllingu í sjó minnst 50.000 m² og viðlegubryggju þar sem skip 1.350 tonna og stærri geti lagst að til losunar og lestunar.⁷



Mynd 1. Á kortinu má sjá afmörkun rannsóknarsvæðisins með gulri línu og helstu örnefni á svæðinu.⁸

Fornleifaskráningin byggir á tveimur eldri skráningum sem gerðar voru 2008: *Mati á umhverfisáhrifum Sundabrautar* 2. áfanga. eftir Önnu Lísu Guðmundsdóttur og *Fornleifaskráningu*

⁶ Minnisblað frá Alta A1279-004-U0, dagsett 12.10.2017.

⁷ Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Breyting nr. 24.

⁸ Lofmynd af Reykjavík 2017 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukur-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 19.9. 2017. Örnefni fengin úr örnefnaskrá Álfssness og Víðiness. Afmörkun á rannsóknarsvæði er fengin hjá Alta. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík eftir Sindra Ellertsson Csillag.⁹ Þessar skráningar miðuðust við deiliskipulagsstig og þjóðminjalög þess tíma. Nú hefur fornleifaskráningin verði endurskoðuð miðað við lög um menningarminjar 80/2012, núgildandi reglur um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.¹⁰ Landsvæðinu hefur lítið verið raskað í gegnum tíðina fyrir utan lagningu girðinga og búfjárbætur síðustu áratugina. Enginn vegur liggur að þessu svæði en suðaustan við svæðið er áætluð lega Sundabrautar.¹¹ Minjar sem eru innan rannsóknarsvæðisins voru mældar og ljósmyndaðar en listi yfir aðrar minjar sem þekktar eru í nágrenninu og tilheyra þessum jörðum fylgir með. *Á úttektarsvæðinu er að finna merkar sjávarútvegsminjar, leifar af fiskbyrgjum og búsetuminjar.* Við mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar árið 2008 var það mat Önnu Lísu Guðmundsdóttur að minjasvæði í Glóru væri einstakt og einkum vegna þess að þar er að finna óraskaða minjaheild. Þá eru skreiðarbyrgin á Glóruholti einstök. Anna Lísu taldi Glóru vera góðan fulltrúa fyrir hjáleigu frá 20. öld í nágrenni Reykjavíkur og að fáir staðir státi af svo heillegum minjum sem sýna heilt bæjarstæði. Minjasvæði býlisins Sundakots og búðasvæði verslunarstaðarins við Þerneyjarsund eru einnig einstakar minjar og eiga engar líkar í Reykjavík, bæði hvað varðar aldur og menningarlegt gildi minjanna.

Anna Lísu Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir unnu að vettvangsskráningu í október 2017 og maí 2018, og samhliða var unnið að heimildarannsókn, úrvinnslu gagna og skýrslugerð.

Skýrslan hefst á því að fjallað er almennt um skráningu og verndun menningarminja, tilgang og aðferðir fornleifaskráningar. Þá er farið yfir staðhætti og sögu jarðanna sem fornleifarnar eru skráðar undir. Í fornleifaskrá er greint frá fornleifum sem eru innan svæðisins og að lokum er samantekt á niðurstöðum.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: **1894**.¹²

2. Skráning menningarminja

2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningar-málaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹³

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

⁹ Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2008. Sindri Ellertsson Csillag, 2008.

¹⁰ Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Oddgeir Isaksen, 2016, 9.

¹¹ Sjá Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 Sveitafélagsuppráttur Nóvember 2013, https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Skipulag/2014/landnotkun_ar_06_02_2014_sveitarfelagsuppradattu_r.pdf

¹² Oddgeir Isaksen, 2016, 3 og 10.

¹³ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhus, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og

sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar, c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalaus. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

2.2 Tilgangur og aðferðafræði fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er í raun grundvöllur fyrir varðveislu fornleifa. Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2018) eru um 3.400 minjastaðir skráðir. Safnið skráir allar minjar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn.¹⁴ Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu, númer fornleifa innan jarðarinnar. Á rannsóknarsvæðinu sem hér um ræðir eru minjar skráðar undir jarðirnar Glóru sem hefur landsnúmerið (181189) og jarðanúmerið (274), Sundakot sem hefur landsnúmerið (181188) og jarðanúmerið (272) og Álfsnes sem hefur landsnúmerið (125650) og jarðanúmerið (273).

Fornleifaskráningin er unnin eftir stöðlum um skráningu fornleifa Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹⁵ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri, hér skammstafað MÍ- númer, og hlaut þetta verkefni númerið

¹⁴ sarpur.is

¹⁵ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.

1894. Í þessari skýrslu fá allar minjar nafn jarðarinnar og tvö númer ásamt hlaupandi tölu. Annarsvegar MÍ númer sem vísað er til í texta og kortum og hinsvegar jarðarnúmer úr Sarpi innan sviga ásamt hlaupandi tölu: **Sundakot 1896-106 (275-20).**

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að skoða heimildir sem varða viðkomandi svæði sem vísað er til eftir því sem við á. Ritaðar heimildir og fyrri rannsóknir eru kannaðar og rýnt er í kort og loftmyndir af svæðinu. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri skráningum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um rannsóknarsvæðið og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft yfirleitt út frá tegund og staðsetningu og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsuppdætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN93 sem punktar. Ef minjarnar eru sjáanlegar eru þær mældar á vettvangi með GPS tæki.

Minjar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum sem varða sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit.

Tafla 1 Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
2	Minjar frá 1918-1930	Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

2.3 Hættumat

Lagt var mat á hættu sem minjar á úttekarsvæðinu eru í út frá þessari tilteknu framkvæmd sem gerir ráð fyrir minnst 50.000 m² landfyllingu, viðlegubryggju sem skip 1.350 tonna og stærri geti lagst að til losunar og lestunar. Hættumatið miðast yfirleitt við fjarlægð minja frá framkvæmdum þannig að eftir því sem minjar eru nær því meiri líkur eru á að þær verði fyrir hnjaski en minjar sem eru fjær. Minjarnar voru flokkaðar samkvæmt Skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í þrjá flokka: Engin hætta, lítill hætta og mikil hætta.¹⁶

3. Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýlanna *Álfsnes* og *Þerney*. Hjáleigur Álfsness voru *Glóra* og *Háheiði*. Hjáleigur Þerneyjar voru *Landakot* sem var í Þerney auk *Sundakots* og *Víðiness*. Svæðið sem hér er skráð er við *Þerneyjarsund* og sunnan við *Álfsnesvík* og er aðeins hluti af jörðunum Glóru og Sundakoti. Það liggur um holt beggja

¹⁶ Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.

vegna mýrarsvæðis sem er í dalverpi og er nefnt *Fornugrafir*. Örnefni á svæðinu voru fengin úr örnefnaskrá, sjá mynd 1.¹⁷

4. Saga jarðanna

4.1 Sundakot 181188-272¹⁸

Saga Sundakots er nokkuð sérstök, þar sem í túnfætinum hefur verið verslunarstaður á miðöldum nefndur Þerneyjarsund. Á þjóðveldisöld voru helstu útflutningsvörur Íslendinga ullarvörur. Helstu kauphafnirnar, „hin sjálfgerðu skipalægi frá náttúrunnar hendi, hafa verið í grennd við aðallandbúnaðar- héruðin.“¹⁹ Til eru heimildir um siglingu hafskipa í Elliðaár og Leiruvog á þjóðveldistímanum en líklega hefur Hvítá í Borgarfirði verið helsti verslunarstaðurinn á svæðinu fram til 1340 en þá fer að bera á breytingum.²⁰

Á fyrri hluta 14. aldar varð mikil breyting á viðskiptum við Ísland en þá hófst útflutningur á skreið sem átti eftir að vera meginútflutningsvara Íslendinga fram á 19. öld.²¹ Þá urðu nýjar hafnir fyrir valinu, hafnir „sem lágu vel við sjósókn, á sunnan- og vestanverðu landinu.“ Þorleifur Óskarsson telur að langmest af fiski hafi verið flutt út frá Vestmannaeyjum, Faxaflóa, Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Helstu kauphafnir í grennd við Seltirninga voru við Þerneyjarsund, í Hafnarfirði og Hvalfirði.²²

Elsta heimild um höfn við Þerneyjarsund er Kjalnesinga saga en þar segir: „Eftir það býr Örlygur ferð sína og er frá ferð hans það fyrst að segja að allt gekk eftir því sem biskup sagði. Hann tók í Þerneyjarsundi höfn. Síðan fór hann að finna Helga bjólu og tók hann vel við honum. Reisti Örlygur þar nú bú og kirkju og bjó þar síðan til elli.“²³ Saga þessi er talin vera rituð á 14. öld og þykir nokkur ævintýrablær á henni. Þrátt fyrir það er ekki óvarlegt að ætla að höfundur hafi þekkt til þess að skip tækju höfn við Þerneyjarsund enda styðja aðrar heimildir það. Til dæmis er nokkrum sinnum minnst á Þerneyjarsund í annálum. Sagt er frá því að árið 1391 hafi Þorsteinn Snorrason verið vígður til ábóta að Helgafelli af Miceli biskupi. Kom Þorsteinn út í Þerneyjarsundi á „Hösnabúsunni“.²⁴ Árið 1411 komst Björn bóndi Einarsson út í Þerneyjarsund heilu og höldnu.²⁵ Árið 1419 lét Jón biskup í haf og kom að Íslandi í Þerneyjarsundi heill á húfi.²⁶

Til eru skjöl frá byrjun 15. aldar sem sýna fram á tengsl Þerneyjar við siglingar og verslun á þessum tíma. Þann 3. júlí 1409 var Oddur Þórðarson lögmaður kallaður til af hirðstjóra á Alþingi til að úrskurða um flutning á konungsgóssi til Noregs með kaupskipum frá Íslandi. Ekki hefur verið kallað á þennan úrskurð að tilefnislausu því stuttu seinna, eða 7. júlí 1409, er Oddur lögmaður mættur út í Þerney til að úrskurða um flutning á konungsgóssi frá Íslandi með kaupskipi sem konungur átti hlut í

¹⁷ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnaskrá Álfisnes 12650-1 til 4 og Víðines 125772-1 til 4.

¹⁸ Sögu Sundakots ritaði Sólborg Una Pálsdóttir árið 2003, *Höfnin við Þerneyjarsund*, til í handriti á Borgarsögusafni, birtist hér stytta.

¹⁹ Þorleifur Óskarsson, *Saga Reykjavíkur í þúsund ár 870-1870*, I, 28, 51-52.

²⁰ Helgi Þorláksson, „Hólmurinn við Reykjavík“, 93.

²¹ Þorleifur Óskarsson, *Saga Reykjavíkur í þúsund ár 870-1870*, I, 51.

²² Þorleifur Óskarsson, *Saga Reykjavíkur í þúsund ár 870-1870*, I, 52-53.

²³ *Íslensk fornrit*, XIV, 4.

²⁴ *Isl. Annaler* (Gottskálksannál), 367. Kristján Eldjárn, *Leiruvogur og Þerneyjarsund*, 31.

²⁵ *Isl. Annaler* (Lögmannsannál), 290. Kristján Eldjárn, *Leiruvogur og Þerneyjarsund*, 31.

²⁶ *Isl. Annaler* (Lögmannsannál), 293. Kristján Eldjárn, *Leiruvogur og Þerneyjarsund*, 31.

En hvenær lauk tímabili kauphafnar við Þerneyjarsund og hvers vegna? Helgi Þorláksson telur að skipakomur og kaupstefnur hafi verið töluverðar við Þerney um 1400 og fram á 15. öld. Siglingatækninni hafi svo fleygt fram á 15. öld og um 1500 komust menn næstum því á þá vík er þeir kusu.³⁰ Björn Þorsteinsson vildi meina að verslunarstaðirnir Þerneyjarsund og Hvalfjörður eða Búðasandur á Hálsnesi hafi líklega lagst af snemma á 15. öld.³¹ Kristján Eldjárn taldi aftur á móti að til væru ritaðar heimildir um notkun Þerneyjarsunds sem hafnar og kaupstefnustaðar á tímabilinu 1300 til 1500.³² Það gæti verið vel í takt við þá skoðun Þorleifs Óskarssonar að verslunin hafi í byrjun 16. aldar færst nær Víkinni (Reykjavík) sem líklega má rekja til innbyrðis baráttu Þjóðverja um viðskipti við Íslendinga en „elsta dæmið um verslun í Hólminum við Reykjavík sé frá árinu 1521.“³³

Kristján Eldjárn taldi miklar líkur benda til þess að lendingarstaðurinn og búðirnar hafi verið á þúfnasvæði við hvamn einn þar sem Sundakot stóð. Á 8. áratugnum voru uppi hugmyndir um að friðlýsa svæðið og má sjá á grein Kristjáns að hann telur að svæðið, bæði búðasvæði og Sundakot, sé þegar friðlýst en það hefur verið á misskilningi byggt.³⁴ Svæðið hefur sigið mikið og sjást búðirnar ekki lengur.

Sundakot (hét Niðurkot í Jarðatali Johnsens) var önnur hjáleiga Þerneyjar á fastalandi og reiknaðist jarðardýrleikinn í heimajörðinni. Svo var enn í Jarðatali Johnsens. Landskuld hennar var sextíu álnir og greiddist með fiski til heimabónda, leigukúgildi eitt og greiddist í smjöri. Kvaðir voru mannslán árið um kring utan sláttar en þó einn dagsláttur. Kvíkfénaður var tvær leigu kýr og einn kálfur, eitt hross og eitt veturgamalt trippi. Heimilismenn voru sex. Torfristu, stungu og eldiviðartak sóttu menn á fastaland með heimabónda. Hjáleigan hafði engin sjávarhlunnindi. Tekið er fram að Sundakot hafi verið í byggð lengur en menn reki minni til.³⁵

Undir Sundakot eru skráðir 19 minjastaðir, þar ber helst að nefna bæjahólinn, minjar innan hringlaga túngarðs auk búðarrústa sem ekki eru greinanlegar lengur á yfirborði, sjórinn gengur þar á land og minjastaðurinn er í hættu vegna ágangs sjávar.

Engar fornleifar á áætluðu framkvæmdarsvæði eru skráðar undir Sundakot, furða má sig á að engin steinhlaðin skreiðarbyrgi skuli finnast Sundakotsmegin við Fornugrafir, því ætla mátti að byrgjunum væri valinn staður sem næst höfninni á Þerneyjarsundi. Skýring kann að vera að heppilegri steinastærð er að finna á holtinu að norðanverðu.

4.2. Glóra 181189-274³⁶

Hjáleiga Álfssness var nefnd Urðarkot eða Glóra (nefnd svo í Jarðabók Johnsens). Ekki er ljóst hvenær byggð hófst þar. Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1705 var dýrleiki reiknaður með heimajörðinni. Hjáleigan var þá ýmist nefnd Glóra eða Urðarkot og á lausu blaði í Jarðabókinni einnig nefnt Hallsneshjáleiga.³⁷ Landskuld greiddist til heimabænda í landaurum ef ekki var til fiskur. Leigukúgildi var eitt og greiddist í smjöri eða fóðri til heimabónda. Vatnsból var á heimajörðinni.

³⁰ Helgi Þorláksson, Hólmurinn við Reykjavík, 93.

³¹ Björn Þorsteinsson, Stærsti kaupstaður héraðs á 14. öld, 28.

³² Kristján Eldjárn, Leiruvogur og Þerneyjarsund, 32.


³³ Þorleifur Óskarsson, *Saga Reykjavíkur í þúsund ár 870-1870 I*, 53, 63.

³⁴ Kristján Eldjárn, *Leiruvogur og Þerneyjarsund*, 34.


³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III., 331. J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, 97.

³⁶ Gunnar Bollason sagnfræðingur skrifaði sögu Glóru árið 2000 hér er hún að hluta endurskrifuð og bætt.

³⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* III. b., bls. 334. Stefán Þorvaldsson, 2007, 152. Jarðatal Johnsen, 1847, 97.



Mynd 3. Túnakort af Glóru frá 1916.³⁸ Kortið sýnir staðsetningu bæjarhúsanna (274-1), túngarðs (1894-6/274-12), útihúsanna (274-3) og (274-6).




Mynd 4. Túnakort frá 1916 af Glóru varpað á loftljósmynd frá árinu 2005 úr LUKR. Kortið sýnir staðsetningu bæjarhúsanna (274-1), túngarðs (1894-6/274-12), útihúsa (274-3) og (274-6).

³⁸ Þí. Álfnes með Glóru 1916. Túnakort.

Dýrleika jarðarinnar er hvorki getið í Jarðabók né Jarðatali.³⁹ Á Glóru var búið til ársins 1896.⁴⁰ Þá fór bærinn í eyði og ekki var búið í honum þegar túnakort er gert árið 1916, bæjarhúsin voru þá tóftir. Síðast var búið í Glóru frá 1928 til 1935. Þá bjó þar Benedikt Kristjánsson frá Álfsnesi sem rak þar kúabú ásamt því að halda nokkur hross og kindur.⁴¹

Fornleifar í Glóru tengjast bæði búsetu og sjósókn. Búsetuminjar eru helst rústir bæjar- og útihúsa, garðlög, mógrafir og landamerki. Sjávarútvegsminjar sem tilheyra landsvæði Glóru eru allar mun eldri og eru rústir eftir fiskbyrgi sem eru allar innan úttektarsvæðisins. Fiskbyrgin voru notuð til að þurrka fisk við framleiðslu á skreið og gætu þau verið frá tímabilinu 1300-1500 þegar Þerneyjarsund var útflutningshöfn. Einnig eru nokkrar yngri minjar í landi Glóru eftir hersetuna, sjá mynd 4 og 5.



Mynd 5. Skráðar fornleifar á úttektarsvæðinu.⁴²

³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III., 332-335. J. Johnsen, 1847, 97.

⁴⁰ Þorsteinn Jónsson, 1998, 408.

⁴¹ Þorsteinn Jónsson, 1998, 403.

⁴² Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 10. mars 2018. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lía Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

5. Fornleifaskrá

Vegna nálægðar úttekarsvæðisins við bæjarhóla Sundakots og Glóru eru hér birtar skráningar sem eru í næsta nágreanni við úttekarsvæðið og í lokin tafla yfir allar þekktar minjar sem tilheyra þessum gömlu kotum, sjá viðauka. Þetta er gert til að hægt sé að mynda sér heildstæðari skoðun um hvaða áhrif framkvæmdir innan úttekarsreitsins hafa á þessi fornu bæjarstæði. Þar sem ekki er vitað nákvæmlega hvar byggingar, vegir eða athafnasvæði verða nákvæmlega eru allar minjar innan úttekarsvæðisins flokkaðar í *mikilli hættu*.


5.1 Fornleifaskrá Álfnes 125650, Glóru 181189 og Sundakots 181188 vegna mats á umhverfsiáhrifum og breitingu á aðal- og deiliskipulagi við Álfnesvík.

Glóra 1894-1 (274-16)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1894-1	274-16		Fjárhús	Rúst	1850	365997	412048	11,5	10,5	Sæmilegt	Nei



Mynd 6. Útihúsatóft (1894-1), horft í norður að Álfnesi.



Mynd 7. Rúst (1894-1), teiknuð eftir uppmælingu.

Staðhættir: Í grónum haga innan túngarðs Glóru um 150 m niður og vestur af bæjarstæðinu (274-1) og um 100 m fyrir sunnan Stekkjarrétt (273-20) og um 100 m norðvestan við fjárhús (274-6). Húsið er ekki merkt inn á túnakort 1916 af Glóru og hefur líklega ekki verið í notkun þá.

Lýsing: Jarðlæg grasivaxin þriggja hólfa rúst sem opnast í norðvestur. Veggjabreidd 1 - 2 m. Rústin er úr torfi og grjóti, engir garðar eru í miðjunni. Rústin er mjög sokkin og því líklega gömul.

Hættumat: Mikil hættu.


Hættuorsök: Framkvæmdir.

Glóra 1894-2 (274-21)

Mí nr.	Safn nr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
1894-2	274-21		Fiskbyrgi	Rúst	1200-1500	365801	412008	5,6	5,6	Sæmilegt	Nei



Mynd 8. Fiskbyrgi (1894-2), horft í norðvestur.



Mynd 9. Fiskbyrgi (1894-2), teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Neðst á Glóruholti suðvestur af Glóru, um 25 m frá sjávarbakka og um 100 m suðvestur af túngarði Glóru þar sem hann endar við sjó. Svæðið er mjög grýtt með grasræmum á milli.

